

Kærunefnd útboðsmála

Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Sími: 575 8700

knu@yfirskattanefnd.is

Sveitarfélagið Norðurþing
Kristján Þór Magnússon sveitarstjóri
Stjórnsýsluhús
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík

Mál nr. 30/2021


Með bréfi árituðu um móttöku hjá kærunefnd útboðsmála 13. ágúst 2021 kærir Garðvík ehf. ákvörðun Sveitarfélagsins Norðurþings að ganga til samninga við fyrirtækið Bæjarprýði ehf. um viðgerðir á hellulögnum, hellulögn og kantsteinslögn neðan Naustsins, við Ásgarðsveg og viðgerðir á kantsteinum sem og gerð niðurtekta víðar um bæinn.

Sveitarfélaginu Norðurþingi er hér með gefinn kostur á að tjá sig um efni kærunnar. Auk þess er óskað eftir öllum þeim gögnum og öðrum upplýsingum, sem málið kunna að varða. Athugasemdir og fylgigögn skulu vera í sexriti og hafa borist kærunefnd útboðsmála eigi síðar en fimmtudaginn 2. september 2021.

Athygli er vakin á því að kærandi krefst stöðvunar útboðs/samningsgerðar um stundarsakir samkvæmt 110. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup. Yður er hér með gefinn kostur á að tjá yður um þessa kröfu sérstaklega fyrir kl: 15:00, fimmtudaginn 19. ágúst 2021.

Þetta tilkynnist hér með.

Reykjavík, 13. ágúst 2021


Sigrún Ingadóttir

Afrit:
Garðvík ehf.
Guðmundur Vilhjálmsson
Kringlumýri 2
640 Húsavík

Bæjarprýði ehf.
Höfða 1a
640 Húsavík